

## Kaup Samkaupa hf. á rekstri verslana í eigu Krónunnar ehf. á Hellu og í Nóatúni

### 1. Inngangur

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Samkaupa hf. („Samkaup“) á rekstri og starfsemi verslana Krónunnar ehf. („Krónan“) á Hellu annars vegar og að Nóatúni 17 í Reykjavík hins vegar. Með kaupunum hafa Samkaup skuldbundið sig til þess að kaupa og Krónan til þess að selja rekstur þessara tveggja verslana með þeim hætti sem fjallað er um í samrunaskrá og fylgigögnum, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 20. apríl 2021 með innsendingu tilkynningar, samrunaskrár og fylgigagna. Var tilkynningin fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða þann 21. apríl sl. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sömu mörkuðum, auk þess sem eftirlitið leitaði umsagna hjá keppinautum samrunaaðila og með opnu umsagnarferli sem stóð til 6. maí sl. Engar athugasemdir bárust frá markaðsaðilum vegna samrunans eða mögulegra áhrifa hans í umsagnarferlinu. Þá átti Samkeppniseftirlitið tvo fundi með Byggðaráði Rangárpings ytra í tengslum við sölu Festi á verslun sinni á Hellu.

### 2. Samruninn og fyrirtækin

3. Starfsemi samrunaaðila, sem starfa báðir á dagvörumarkaði, felst aðallega í eftirfarandi rekstri samkvæmt veittum upplýsingum í samrunaskrá:
  - a) Samkaup er fyrirtæki sem starfar á sviði dagvöruverslunar. Fyrirtækið rekur 48 dagvöruverslanir undir nöfnunum Nettó, Kjörbúðin, Krambúð, Samkaup Strax og Iceland á 33 stöðum á landinu. Verslanirnar eru í Reykjanesbæ, Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Akureyri, Borgarnesi, Selfossi, Grindavík, Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum, Húsavík, Ísafirði, Akranesi, Flúðum, Laugarvatni, Mývatnssveit, Grundarfirði, Búðardal, Blönduósi, Bolungarvík, Hólmavík, Dalvík, Djúpavogi, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Garði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Sandgerði, Seyðisfirði, Siglufirði, Skagaströnd og Þórshöfn.
  - b) Krónan starfar aðallega á sviði dagvöruverslunar og rekur 26 dagvöruverslanir undir vörumerkjunum Krónan, Kjarval og Kr. í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Hellu, Hvolsvelli, Reykjanesbæ, Akranesi, Reyðarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum, Vík og Þorlákshöfn. Þá rekur Krónan snjallverslun með heimsendingu. Móðurfélag Krónunnar er Festi hf. Krónan er stærsta félagið innan samstæðu Festi. Þá rekur félagið N1 um hundrað eldsneytisstöðvar með fljóttandi eldsneyti og aðrar vörur, auk beinnar þjónustu við sjávarútveg um allt land og flugrekstraraðila á Keflavíkflugvelli og Reykjavíkflugvelli auk fyrirtækjaverslana og þjónustuverkstæða. Festi á einnig félagið



Elko sem flytur inn og selur raftæki hér á landi í eigin verslunum og á netinu. Festi á fasteignafélagið Festi fasteignir sem á ýmsar fasteignir aðallega á Suðvesturhorninu og Suðurlandi. Verslanir innan samstæðu Festi eru stærsti einstaki leigutaki Festi fasteigna. Einnig heyrir til samstæðunnar Festi þróun sem hannar stafrænar lausnir á sviði smásölu. Loks rekur félagið Bakkann vöruhótel sem staðsett er við Sundahöfn, en um er að ræða þurrvörulager og er vörum dreift þaðan til verslana Festi samkvæmt samrunaaðilum.

4. Aðdragandi kaupa Samkaupa á verslun í eigu Krónunnar á Hellu var sá að vegna samruna N1 hf. og Festi undirritaði hið sameinaða félag sátt við Samkeppniseftirlitið þann 30. apríl 2018, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *samruni N1 hf. og Festi hf.* („sáttin“). Með sáttinni og skilyrðum hennar lagði Festi til og gekkst undir þá skuldbindingu að selja Kjarvals verslun sína á Hellu vegna mikils markaðsstyrks félagsins á svæðinu og í því skyni að efla samkeppni á dagvörumarkaði, sbr. 12. gr. sáttarinnar.
5. Til grundvallar þessari skuldbindingu í sáttinni lá rannsókn á mögulegum óæskilegum staðbundnum áhrifum samrunans á þeim landssvæðum þar sem báðir aðilar störfuðu og beindist m.a. að sölu dagvara á Suðurlandi. Til þess að kanna það samkeppnislega aðhald sem aðrar verslanir, s.s. í næstu bæjarfélögum, myndu veita hinu sameinaða fyrirtæki var framkvæmd neytendakönnun á meðal viðskiptavina N1 og Festi á Hellu og Hvolsvelli. Niðurstöður hennar sýndu að N1 og Festi væru nánir keppinautar á þessu svæði og myndu búa við takmarkað samkeppnislegt aðhald á svæðinu eftir samrunann. Röskun á samkeppni vegna samrunans gæti leitt til hærra verðs, minna vöruúrvals, skemmri opnunartíma og verri þjónustu að öðru leyti við neytendur á þessu landsvæði.
6. Festi skuldbatt sig til að selja verslunina aðeins til aðila sem væri óháður félaginu, til þess fallinn og líklegur að veita fyrirtækinu umtalsvert samkeppnislegt aðhald við sölu dagvara á svæðinu, og félagið myndi tryggja að kaupandinn byggi yfir nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að geta veitt slíkt samkeppnislegt aðhald til lengri og skemmri tíma, sbr. 3. mgr. 12. gr. sáttarinnar. Þá var það einnig skilyrði að sölu verslunarinnar skyldi lokið fyrir ákveðið tímamark á tilteknum skilgreindum sölutímabilum, sem síðan liðu þó undir lok. Tókst Festi því ekki að uppfylla þessi skilyrði sáttarinnar fyrr en nú með þeim viðskiptum sem hér eru til umfjöllunar.
7. Líkt og greinir í samrunaskrá áttu aðilar áður í viðræðum um kaup verslunarinnar á Hellu og síðar verslun Festi á Hvolsvelli en samningar náðust ekki milli félaganna. Gerði Festi þá samning um kaup á versluninni við annan lögaðila, en sá kaupandi var ekki samþykktur af samkeppnisyfirvöldum þar sem hann taldist ekki fullnægja skilyrðum sáttarinnar um hæfi kaupanda. Aðilar áttu síðan undanfarið að nýju í viðræðum um kaup á verslun umræddri verslun Festi á Hellu og einnig verslun seljanda í Nóatúni í Reykjavík. Náðu aðilar saman og hafa komist að samkomulagi um að Samkaup kaupi og Festi selji rekstur og starfsemi verslana sinna á Hellu annars vegar og að Nóatúni 17 í Reykjavík hins vegar, eins og áður kom fram. Var kaupsamningur samrunaaðila undirritaður þann 29. mars 2021.
8. Vegna sáttarinnar tilkynnti Festi Samkeppniseftirlitinu um kaup Samkaupa á umræddum verslunum félagsins þann 9. apríl sl. með bréfi og stuttum rökstuðningi fyrir vali á kaupanda í skilningi sáttarinnar, sbr. 3. mgr. 16. gr. hennar. Samkeppniseftirlitinu barst svo álit óháðs kunnáttumanns um hæfi kaupanda þann 12. apríl sl. Komst kunnáttumaður að þeirri niðurstöðu að Samkaup fullnægði ákvæðum sáttarinnar. Með vísan til álitsins og mats Samkeppniseftirlitsins á fyrirliggjandi upplýsingum um hæfi kaupanda, komst eftirlitið að sömu niðurstöðu um að Samkaup væru hæfur kaupandi að versluninni á Hellu í skilningi sáttarinnar, sbr. 3. mgr. 12. gr. hennar. Þá væri ekkert sem benti til þess að ný samkeppnisleg vandamál



kæmu upp á svæðinu vegna kaupa Samkaupa á versluninni, sbr. 5. mgr. 16. gr. sáttarinnar. Var Festi tilkynnt um þessa niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins þann 19. apríl sl.

9. Í þessu samhengi skal tekið fram að engin skylda hvíldi á Festi til þess að selja verslun Krónunnar í Nóatúni í Reykjavík samkvæmt sátt félagsins við Samkeppniseftirlitið. Var sá rekstur, ólíkt verslun félagsins á Hellu, enda ekki meðal þeirra eigna sem Festi lagði til að yrðu seldar frá félaginu til úrbóta á þeim samkeppnisröskunum sem samruni N1 og Festi hefði í för með sér, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019.
10. Þrátt fyrir að Festi hafi þá fullnægt skyldu sinni samkvæmt skilyrðum sáttarinnar um sölu verslunar vegna markaðsaðstæðna á Suðurlandi, þá er samruni Festi og Samkaupa vegna þessara tveggja verslana allt að einu tilkynningarskyldur áður en hann kemur til framkvæmdar samkvæmt 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Barst samrunatilkynning aðila til Samkeppniseftirlitsins þann 20. apríl sl. eins og áður sagði, auk sérstakrar greinargerðar frá Festi með viðskiptaupplýsingum um rekstur Krónunnar, sem eðlilegt var að haldið yrði frá Samkaupum sem keppinaut. Verður þá vikið að efni samrunaskrár og sjónarmiða aðila varðandi áhrif samrunans.

## **2.1. Sjónarmiða aðila um markaði og áhrif samrunans**

11. Samkvæmt aðilum og tilkynningu þeirra er það markmið samrunans að styrkja stöðu Samkaupa á dagvörumarkaði. Samruninn gefi möguleika á samlegðaráhrifum sem felist í hlutfallslega lægri stjórnunarkostnaði hjá Samkaupum og hagkvæmari innkaupum hjá félaginu sem keppinaut. Hvað varðar verslunina á Hellu muni Samkaup geta nýtt samlegðaráhrif sem verða til við samrunann en félagið reki nú þegar fjölda verslana á landsbyggðinni.
12. Þá er það mat samrunaaðila að samruninn styrki stöðu Samkaupa á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt samrunaskrá aðila er skipting veltu Samkaupa milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar þannig á árinu 2020 að [35-40]% af veltu félagsins kom af höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma er skipting íbúafjölda landsins þannig að um tveir þriðju hluta íbúa landsins búa á höfuðborgarsvæðinu.
13. Að mati samrunaaðila er staðan á höfuðborgarsvæðinu þannig að tveir aðilar ráði 70-80% af markaðinum og þar af annar þeirra með 45-50% hlutdeild. Virðist hér átt við Haga og Festi. Næstu aðilar þar á eftir eru með 10-15% hlutdeild. Með tilliti til þess hvernig skipting íbúa milli landsbyggðar og höfuðborgar er og hvernig spár um íbúabróun eru, sé brýnt fyrir Samkaup að mati félagsins að styrkja stöðu sína á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sé brýnt út frá því hvernig hlutdeild skiptist í dag milli aðila á höfuðborgarsvæðinu að þeim tveimur stóru sem ráða markaðinum sé veitt aðhald. Þá tryggi samruninn einnig samkeppni á dagvörumarkaði á Suðurlandi í samræmi við sátt Festi við Samkeppniseftirlitið.
14. Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar þann vörumarkað sem samruninn hefur áhrif á í skilningi samkeppnislaga vera markað fyrir sölu á dagvöru í dagvöruverslunum (dagvörumarkaður), en með dagvöru sé átt við vörur sem uppfylli daglegar neysluþarfir neytenda, enda hafi Samkeppniseftirlitið talið að verslanir þurfi að hafa á boðstólum ákveðið úrval af t.d. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörum, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, 8/2019, 9/2019, 29/2018, 28/2017 og 64/2008 og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppninnar 2015*.
15. Hvað landfræðilegan markað varðar vísa samrunaaðilar til þess að Samkeppniseftirlitið hafi alla jafna skilgreint höfuðborgarsvæðið sem sérstakan landfræðilegan markað við sölu dagvöru. Þá



hafi stofnunin í málum er varða dagvörumarkað miðað við að verslanir geti að öðru jöfnu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun. Einnig hefur í einstökum málum verið vísað til 20 km fjarlægðar frá verslun. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 var miðað við að verslun gæti að öðru jöfnu laðað til sín neytendur sem staddir væru í u.þ.b. 20-30 mín. akstursfjarlægð frá versluninni og skilgreindi stofnunin staðbundna landfræðilega markaði með dagvöru, m.a. höfuðborgarsvæðið (Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur) og Suðurland (Árborg (Selfoss, Stokkseyri, Eyrarbakki), Flúðir, Laugarás, Árnes, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hella, Hvolsvöllur og Þykkvibær).

16. Í ljósi staðsetningar verslana í rekstri og eigu samrunaaðila, og staðsetningar þeirra tveggja verslana á Hellu og í Nóatúni sem samruninn varðar, telja samrunaaðilar að þeir markaðir sem áhrifa samrunans gæti séu því dagvörumarkaður á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og dagvörumarkaður á Suðurlandi hins vegar.
17. Á höfuðborgarsvæðinu telja Samkaup, m.a. í ljósi markaðshlutdeildar þeirra og keppinauta félaganna, sem og fjölda og staðsetninga annarra dagvöruverslana í nágrenni við verslunina í Nóatúni, að kaup Samkaupa á rekstri verslunarinnar leiði ekki til þess að samkeppni á dagvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu raskist. Verði samruninn ekki að veruleika aftur á móti, muni tveir aðilar, þ.e. Hagar og Festi, ná enn sterkari stöðu á dagvörumarkaði en þeir hafi nú þegar að sögn Samkaupa. Fáir samruninn aftur á móti framgöngu verði Samkaup í betri stöðu til að keppa við framangreind félög en ella. Að öðrum kosti sé hætta á því að ekki verði fullnægjandi samkeppnislegt aðhald fyrir hendi gagnvart áður nefndum tveim sterkustu aðilum á markaðnum. Samkaup telja ljóst að slíkt samkeppnislegt aðhald muni skila sér til neytenda.
18. Hvað varðar samkeppni á Suðurlandi og í nágrenni Hellu telur Samkaup samkvæmt samrunaskrá að verslun Kjarvals sé eina almenna dagvöruverslunin á Hellu, og einnig sé ljóst að Krónan sé í mjög sterkri stöðu á Hellu og nágrenni. Samkaup reki fjórar verslanir á Suðurlandi; Nettó og Krambúð á Selfossi og Krambúðir á Laugarvatni og Flúðum. Um 36 kílómetrar séu frá Hellu á Selfossi og taki um 28 mínútur að aka þá leið. Um 51 kílómetri sé frá Hellu á Flúðir og taki um 37 mínútur að aka þá leið. Þá séu um 74 kílómetrar á Laugarvatn frá Hellu og taki um 55 mínútur að aka þá leið. Því fáist ekki séð að kaup Samkaupa á rekstri verslunar Kjarvals á Hellu leiði til þess að samkeppni á dagvörumarkaði á Suðurlandi raskist.
19. Loks er það mat samrunaaðila að samruninn sé líklegur til þess að hafa jákvæð áhrif á neytendur. Með samrunanum sé ætlunin að styrkja stöðu Samkaupa á dagvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu og þar með veita þeim tveimur aðilum sem ráða nú 70-80% af dagvörumarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu aukið aðhald með aukinni samkeppni, líkt og áður greindi, til hagsbóta fyrir neytendur. Þá sé með samrunanum ætlunin að ná fram aukinni hagræðingu sem ætti að leiða til aukinnar arðsemi Samkaupa, sem neytendur muni njóta góðs af, enda muni samkeppnin veita slíkt aðhald að neytendur munu njóta góðs af lægra kostnaðarhlutfalli að sögn aðila.

### **3. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins**

20. Samkeppniseftirlitið getur fallist á sjónarmið samrunaaðila um skilgreiningu markaða, þ.e. að vörumarkaðurinn þar sem áhrifa samrunans gætir sé dagvörumarkaður og undir hann falli smásala dagvöru og svokallaðar hefðbundnar dagvöruverslanir eins og lágvöruverðsverslanir, stórmarkaðir, þægindaverslanir og eftir atvikum aðrar minni verslanir, sjá til dæmis ítarlega



umfjöllun um vörumarkaðinn í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *samruni N1 hf. og Festi hf.*<sup>1</sup>

21. Þá getur Samkeppniseftirlitið einnig fallist á sjónarmið samrunaaðila að landfræðilegir markaðir málsins séu höfuðborgarsvæðið annars vegar og Suðurland hins vegar, með þeim þéttbýlisstöðum og/eða svæðum sem fjallað er um í samrunaskrá og í áður nefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019. Með samrunanum eignast Samkaup enda tvær verslanir Festi í Reykjavík og á Hellu á viðkomandi mörkuðum. Þó þarf einnig að skoða staðbundin samkeppnisleg áhrif samrunans á einstökum svæðum sérstaklega, og þarf slík athugun ekki að byggja á ofangreindum markaðsskilgreiningum eða einskorðast við landfræðileg mörk þeirra, sbr. áður nefnda ákvörðun nr. 8/2019 og ákvörðun nr. 28/2020, *Kaup Festi á verslun Super1 að Hallveigarstíg 1 í Reykjavík.*
22. Á höfuðborgarsvæðinu eru tveir stórir aðilar á dagvörumarkaði, þ.e. Hagar annars vegar og Festi hins vegar. Hagar reka 25 verslanir og Festi 17 verslanir á svæðinu samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Að teknu tilliti til þess að verslunin Nóatúni færir til Samkaupa, þá er markaðshlutdeild Haga með þeim hætti að fyrirtækið nýtur [40-45%] hlutdeildar, og Festi [25-30%] markaðshlutdeildar, miðað við þær markaðsupplýsingar sem stofnunin býr yfir fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2019.<sup>2</sup>
23. Samkaup rekur aftur á móti 22 verslanir á höfuðborgarsvæðinu, en flestar þeirra eru minni og velta talsvert minni fjárhæðum en verslanir Haga (Bónus og Hagkaup) og Festi (Krónan). Markaðshlutdeild Samkaupa á höfuðborgarsvæðinu eftir kaupin á versluninni í Nóatúni og að teknu tilliti til samrunans, yrði því í kringum [10-15%] miðað við fyrirliggjandi upplýsingar frá sama tímabili og nefnt var hér að framan.
24. Með vísan til framangreindra atriða er það mat Samkeppniseftirlitsins að rannsóknin bendi til þess að áhrif samrunans verði ávallt á þá vegu að styrkja Samkaup á kostnað Festi á samkeppnismarkaði fyrir smásölu dagvöru. Ætti sala verslunarinnar í Nóatúni til Samkaupa því að styrkja félagið og gera því kleift að veita Festi og Högum, tveimur stærstu fyrirtækjunum á markaðnum, sterkt aðhald með mögulegum tilheyrandi jákvæðum samkeppnislegum áhrifum á dagvörumarkaði.
25. Til viðbótar þessu sýnir samrunarannsóknin einnig að veltan sem færir frá Krónunni og til Samkaupa er ekki mikil sem hlutfall af heildarveltu á dagvörumarkaði. Heildarvelta verslunar Krónunnar í Nóatúni í Reykjavík var í kringum [ ]<sup>3</sup> árið 2018, og [ ]<sup>4</sup> fyrstu 6 mánuði 2019] sem er um [0-5%] af heildarveltu dagvörumarkaðar. Veltan hefur haldist áþekk síðan þá, [ ]<sup>5</sup> árið 2020 og [ ]<sup>6</sup> allt árið 2019, svo Samkeppniseftirlitið telur ólíklegt að hlutdeild verslunarinnar hafi breyst. Með öðrum orðum þýðir þetta að eftir samrunann ætti markaðsgerð dagvörumarkaðar á höfuðborgarsvæðinu ekki að breytast efnislega, hvað þá með umtalsverðum eða neikvæðum hætti í samkeppnisréttarlegum skilningi.

<sup>1</sup> Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *samruni N1 hf. og Festi hf.*, 5. kafli, Markaðurinn fyrir smásölu dagvöru, bls. 40; <https://www.samkeppni.is/media/akvordanir/Samruni-N1-hf.-og-Festi-hf.-Eintak-an-trunadar.pdf>

<sup>2</sup> Í hlutdeildartölum er miðað við að Costco sé ekki hluti af dagvörumarkaði. Ef dagvöruvelta Costco væri talin til dagvörumarkaðar lækkar hlutdeild annarra aðila, og takmörkuð áhrif samrunans minnka jafnframt enn frekar. Með þessu er þó ekki tekin nein formleg afstaða til þess hvort verslun Costco sé hefðbundin dagvöruverslun, en lítið hefur verið til áhrifa verslunarinnar í fyrri úrlausnum Samkeppniseftirlitsins..

<sup>3</sup> Fellt brott vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt brott vegna trúnaðar.

<sup>5</sup> Fellt brott vegna trúnaðar.

<sup>6</sup> Fellt brott vegna trúnaðar.



26. Við mat á staðbundnum áhrifum samrunans á samkeppni í Reykjavík tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar dreifingu verslana og staðsetningu keppinauta í nágrenni við Nóatún, ásamt því að eftirlitið kynnti sér fyrirbyggjandi upplýsingar um skipulag, þ.á m. áform um þéttingu byggðar á svæðinu. Næstu verslanir í nágrenni við verslunina í Nóatúni eru verslun Bónus í Skipholti, Krambúðin Borgartúni, og Nettó Lág múla. Þá næst í vesturátt er að finna Bónus á Laugavegi, Extra Barónsstíg, Krónuna á Hallveigarstíg og verslanir 10-11 á Laugavegi og í Austurstræti. Í norðurátt er ekki um langan veg að fara eða aka í verslun Bónus í Kringlunni og verslanir Samkaupa í Lönguhlíð og Suðurverri Þrátt fyrir töluverða nálægð milli verslunarinnar í Nóatúni og næstu verslana Samkaupa, þá sýnir ofangreind reifun að að töluverður fjöldi verslana í eigu sterkra keppinauta er í nágrenni við Nóatún. Í ljósi alls framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að áhrif samrunans á staðbundna samkeppni á umræddu svæði séu takmörkuð.
27. Líkt og fram kemur í áður nefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019 var það mat eftirlitsins að samruni N1 og Festi hefði skaðleg áhrif á samkeppni á Hvolsvelli og Hellu þar sem samrunaaðilar og nú sameinað félag Festi rekur þrjár verslanir og sölustaði. Á umræddu svæði var samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila talin vera [95-100%], félögin talin nánir keppinautar, fáir aðrir keppinautar í grenndinni, og samþjöppun því mikil á viðkomandi markaði. Af þessum sökum samþykkti Festi eins áður var reifað að draga úr þessum skaðlegu staðbundnu áhrifum á samkeppni með því að selja Kjarvals verslun sína á Hellu, sbr. 12. gr. sáttarinnar, sem félagið hefur nú gert með samruna þessum.
28. Af þessu leiðir að mati Samkeppniseftirlitsins að markaðsstyrkur Festi á svæðinu minnkar líklega sem nemur umsvifum verslunarinnar á Hellu sem eftirleiðis verður í eigu og rekstri Samkaupa, og á svæðið kemur nýr keppinautur sem getur veitt samkeppnislegt aðhald við smásölu dagvara. Á Hellu og Hvolsvelli telur Samkeppniseftirlitið því að álykta megi með óyggjandi hætti að samruninn sé ekki til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, heldur sé hann þvert á móti líklegri til þess að hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif á svæðinu, neytendum til hagsbóta. Er sú niðurstaða í samræmi við fyrra mat Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 8/2019.
29. Í fyrri úrlausnum Samkeppniseftirlitsins, svo sem á dagvöru- og eldsneytismörkuðum, hefur stofnunin fjallað um möguleg skaðleg áhrif á samkeppni vegna eignatengsla milli keppinauta, sér í lagi sökum minnihlutaeignar stofnanafjórfa og lífeyrissjóða. Stærstu eigendur Samkaupa eru Kaupfélag Suðurnesja, Birta lífeyrissjóður og Kaupfélag Borgfirðinga, að ótöldum smærri hluthöfum. Festi er að mestu í dreifðri eigu lífeyrissjóða þar sem Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi eru þrjár stærstu hluthafar félagsins samanlagt 32,1% eignarhlut. Listar yfir stærstu hluthafa félaganna gefa til kynna að eingöngu Birta lífeyrissjóður sé í hópi stærstu eigenda beggja samrunaaðila, en lífeyrissjóðurinn er sjötti stærsti hluthafi Festi og næststærsti hluthafi Samkaupa.
30. Eignatengsl milli samrunaaðila vegna hluthafahóps félaganna eru því takmörkuð, en því til viðbótar hefur Festi þegar gengist undir skilyrði í sátt sinni við Samkeppniseftirlitsins, sem hafa það að markmiði að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði félagsins gagnvart keppinautum sínum, sbr. VII. kafla sáttarinnar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019. Er Festi samkvæmt skilyrðunum m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði, óháði og tiltekna starfshætti stjórnarmanna og lykilstarfsmanna félagsins, sem og skráningu samskipta við keppinauta og samskipti stjórnarmanna við hluthafa sem jafnframt eiga hlut í keppinautum fyrirtækisins, allt m.t.t. til samkeppnishagsmuna og sameiginlegs eignarhalds á samkeppnismarkaði.



31. Í ljósi alls framangreinds verður að mati Samkeppniseftirlitsins ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæður til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, þ.e. að samrunarannsóknin fari af fasa I á svokallaðan fasa II. Mun Samkeppniseftirlitið því ekki aðhafast frekar vegna samrunans.

### Ákvörðunarorð

**„Kaup Samkaupa hf. á verslunum Krónunnar ehf. á Hellu og í Nóatúni í Reykjavík felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson